



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík. • Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.

Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.

ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)

Árg. kostar kr. 12.000, eintakið kr. 250.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 82 98. ár

Miðvikudaginn 7. desember 2005

Útgáfud.: 23. nóvember 2005

Laust embætti héraðsdómara

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, samkvæmt tillögu dómstólaráðs, auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara við héraðsdóm Reykjavíkur, meðan á leyfi skipaðs dómara stendur, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998.

Dómsmálaráðherra setur í embættið frá og með 1. febrúar 2006 til og með 31. júlí 2006, að fenginni ábendingu dómstólaráðs um umsækjanda til starfans.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, eigi síðar en 9. desember 2005.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,

18. nóvember 2005.

(2005113180)

Útgáfud.: 23. nóvember 2005

Laust embætti héraðsdómara

Embætti héraðsdómara, sem dómsmálaráðherra veitir, er laust til umsóknar frá og með 1. febrúar 2006. Væntanlegur dómari mun eiga fast sæti við héraðsdóm Reykjaness, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi, 150 Reykjavík, eigi síðar en 9. desember 2005.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,

18. nóvember 2005.

(2005113181)

Útgáfud.: 23. nóvember 2005

Laus störf hjá tollstjóranum í Reykjavík

Deildarstjóri upplýsinga- og áhættugreiningardeildar

Í upplýsinga- og áhættugreiningardeild fer fram áhættugreining á öllum sviðum tolleftrilits, meðal annars í tengslum við fíkniefnaeftirlit og öryggismál. Í deildinni fer fram utanumhald og greining á tölfraði, þarfagreining og viðhald gagnagrunns og tölvuforrita til nota við áhættugreiningu og tolleftrilít ásamt kynningar- og útgáfustarfsemi, erlendum samskiptum, svörun erinda og umsjón ýmissa sérverkefna.

Deildarstjóri upplýsinga- og áhættugreiningardeildar sér um skipulag áhættugreiningar á sviði tollamála á landsvísu og gerð eftirlitsáætlunar fyrir landið allt í samræmi við aukið hlutverk tollstjórans í Reykjavík í þessum málaflokki er fram kemur í nýjum tollalögum er taka gildi 1. janúar nk. Starfið felur einnig í sér yfirumsjón með verkefnum deildarinnar, stefnumótun, markmiðasetningu, áætlana- og skýrslugerð ásamt daglegri stjórnun og samvinnu við aðrar deildir tollasviðs.

Umsækjendur þurfa að hafa háskólapróf á sviði lögfræði, afbrotafraði eða samsvarandi. Einnig koma til greina umsækjendur er hafa stúdentspróf ásamt prófi frá Tollskóla ríkisins. Þá þurfa umsækjendur að hafa mjög gott vald á íslensku, ensku og Norðurlandamálum ásamt hæfni til að tjá sig bæði í ræðu og riti. Mikil áhersla er lögð á skipulagshæfileika, rökhugsun, frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og tölvufærni. Þá þurfa umsækjendur að sýna fram á traust og örugg vinnubrögð, samstarfsvilja og hæfni til að aðlagast breytingum. Reynsla af stjórnun, áhættugreiningu og/eða tollgæslu er kostur.

Tollverðir

Tollverðir eru embættismenn er fá skipun að loknu námi í Tollskóla ríkisins. Tollverðir eru settir tímabundið áður en þeir hafa lokið námi. Nánari upplýsingar um inntökuskilyrði Tollskólans er að finna á www.tollur.is.

Umsækjendur skulu hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri (eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms), hafa gott vald á íslensku auk ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, vera á aldrinum 20-35 ára, syndir, andlega og líkamlega heilbrigðir. Umsækjendur þurfa að gangast undir þrjúþætt inntökupróf en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is. Leitað er að fólki sem sýnt getur fram á samviskusemi, nákvæmni og örugg vinnubrögð, góða framkomu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfsmenn í tollendurskoðun

Helsta hlutverk tollendurskoðunar er að stuðla að réttri tollafgreiðslu og hafa áhrif til aðhalds og forvarna gegn villum í tollaframkvæmd. Tollendurskoðun kannar réttmæti upplýsinga í inn- og útflutningsskýrslum, kannar málsmæðferð og gerir athugasemdir til tollstjóra þar sem við á.

Umsækjendur þurfa að hafa háskólapróf á sviði viðskiptafræði eða samsvarandi. Einnig koma til greina umsækjendur er hafa stúdentspróf og starfsreynslu er gagnast við tollendurskoðun s.s. bókhald, reikningsskil, tollflokkan og tollskýrslugerð. Þá þurfa umsækjendur að hafa góða tölvukunnáttu, þekking á bókhaldsforritum og/eða tollakerfi er kostur. Einnig er farið fram á gott vald á íslensku og hæfni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi frumkvæði, gagnrýna og skipulega hugsun ásamt nákvæmni. Áhersla er lögð á kurteis og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða fjölbreytt störf er henta jafnt konum sem körlum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðný Einarsdóttir, forstöðumaður starfsmannasviðs, í síma 5600-379 og Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollgæslusviðs, í síma 5600-435.

Umsóknarfrestur er til 8. desember nk. Umsóknir merktar því starfi er sótt er um ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal skila til starfsmannasviðs embættisins Skúlagötu 17, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is. Umsækjendur um tollvarðastöður skili einnig inn læknisvottorði og ljósriti af ökuskírteini.

Tollstjórinn í Reykjavík fer fram á það við umsækjendur sem koma í viðtal að fá heimild til að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglu og tollgæslu ásamt heimild til að athuga skuldastöðu umsækjanda hjá ríkissjóði. Einnig er farið fram á það við þá umsækjendur er boðið verður starf að þeir skili inn sakavottorði.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Tollstjóraembættið fer með tollstjórn í Reykjavík. Hlutverk þess er að stuðla að því að löggjöf um inn- og útflutning og skil á sköttum sé fylgt og eiga þannig þátt í efnahags- og félagslegri velferð íslensks samfélags. Framtíðarsýnin er að vera framsækin ríkisstofnun, sem er þekkt fyrir að veita góða og skilvirka þjónustu, að vera eftirsóttur vinnustaður og viðurkennd fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Til að ná þessari sýn er embættið með framsýna, kraftmikla og fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.

www.tollur.is

Reykjavík, 22. nóvember 2005.

Tollstjórinn í Reykjavík.

(2005113195)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um umferð í Hafnarfirði

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum bæjaryfirvalda í Hafnarfirði hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð og hámarkshraða í Hafnarfirði:

Að biðskylda verði á Háabergi, Klébergi og Kjarrbergi gagnvart Klettabergi.

Að hámarkshraði á Hvammabraut (áður Reykjanesbraut) verði lækkaður úr 60 km/klst. í 50 km/klst.

Ákvörðunin tekur gildi 25. nóvember 2005.

Hafnarfirði, 8. nóvember 2005.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði,
Guðmundur Sophusson.

(2005113104)

Útgáfud.: 11. nóvember 2005

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 4. nóvember 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

(2005113002)

Útgáfud.: 11. nóvember 2005

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 7. nóvember 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

(2005113003)

Útgáfud.: 23. nóvember 2005

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 16. nóvember 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.

(2005113186)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um vísitölu neysliverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir desember 2005:

Vísitala neysliverðs: 248,0 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.897 stig.

Reykjavík, 10. nóvember 2005.

Hagstofa Íslands.

(2005113098)

Útgáfud.: 11. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Hraungerðishreppur*Deiliskipulag við Skeiðavegamót.*

Skv. 3. tl. ákvæða til bráðabirgða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 liggur frammi á skrifstofu Hraungerðishrepps deiliskipulag á landi úr landi Bitru, sem liggur austan við vegamót Skeiðavegar og Suðurlandsvegar. Tillagan gerir ráð fyrir 2 frístundahúsum, litlu gróðurhúsi og litlu jarðhýsi.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Hraungerðishrepps til 9. desember nk. Athugasemdum skal skila þangað fyrir 23. desember nk.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna telst henni samþykkur.

Þingborg, 28. október 2005.

Oddviti Hraungerðishrepps.

(2005113006)

Útgáfud.: 11. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Svínavatnshreppur*Tillögur að breytingum á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012*

Sveitarstjórn Svínavatnshrepps samþykkti 1. nóvember 2005 að auglýsa breytingar á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012 samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.

1. Ný lega Kjalvegur austan Dúfunesfells, innan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015.

Í tillögunni felst að legu Kjalvegur er breytt við Dúfunesfell norðaustan Hveravalla. Gert er ráð fyrir nýlagningu u.þ.b. 4 km vegkafla austan Dúfunesfells. Nýi vegurinn verður aðalfjallvegur en núverandi Kjalvegur á þessu svæði færir í flokk fjallvega. Umrædd vegstytting er í samræmi við svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.

2. Neðan marka svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 vegna svæðisskipulags A-Húnavatnssýslu.

Breytingin er gerð til samræmis við samþykkt svæðisskipulag A-Húnavatnssýslu 2004-2016, sem bíður staðfestingar umhverfisráðherra þar til aðalskipulaginu hefur verið breytt. Í breytingartillögunni felst að aðalskipulagið er aðlagð samþykktu svæðisskipulagi:

Felldar eru út landnotkunarskilgreiningarnar „landbúnaður, ræktað land“ og „óbyggð svæði og útivistarsvæði“ en í staðinn kemur „landbúnaðarsvæði“.

Felldur er út „verslunar- og þjónustusvæði“ í landi Svínavatns og „stofnana- og þjónustusvæði“ við Dalsmynni er breytt í „verslunar- og þjónustusvæði“. Skilgreiningu „orlofs- og sumarhúsaðalsvæða“ er breytt í frístundabyggðarsvæði og breytt er afmörkun svæða við Dalsmynni, í Tindaskógi og Búrfellsskógi. „Frístundabyggðarsvæðum“ fjölga og eru nú á Tindum, Stóra Búrfelli, Litla Búrfelli, Sólheimum, Svínavatni og Stekkjardal. Ekki eru lengur skilgreind „orlofs- og sumarhúsaðalsvæði“ til síðari aukningar. Lóð Blönduvirkjunar er breytt úr „svæði opinberra stofnana“ í „iðnaðarsvæði“.

Eftirtalin „hverfisverndarsvæði“ eru skilgreind: Búrfell, Auðnufell, Grundartjarnir, Grettisskýrta, sjálft Svínavatn og hluti Fremri Laxár og friðlýstar forminjar eru sýndar á skipulagsuppdraetti.

Fjölgað er svæðum sem skilgreind eru sem „opin svæði til sérstakra nota (s - skógarreitir)“. Við bætast eftirtalin svæði: Jörðin Gunnfríðarstaðir, svæði við Blönduvirkjun, svæði í landi Litla Búrfells og Sólheima og svæði í nánum tengslum við frístundabyggðarsvæði á Tindum, Stóra og Litla Búrfelli og Sólheimum. Felldur er út svæði til síðari aukningar ofan við Dalsmynni.

Felldur er út nýr vegur við suðurenda Svínavatns og núverandi vegir nr. 726 og 731 látnir halda sér og felldar eru út staðfestar reiðleiðir á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012. Reiðleiðir sem sýndar eru á breytingaruppdraetti eru aðeins til skýringar.

Núverandi efnisnámur sem sýndar eru á breytingaruppdraetti eru aðeins til skýringar.

Breytingartillögurnar verða til sýnis á skrifstofu héraðsnefndar Austur-Húnavetninga, Þverbraut 1, 540 Blönduósi og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík frá og með 11. nóvember til 9. desember 2005. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillögurnar. Frestur til að skila skriflegum athugasemdum er til 23. desember 2005. Skila skal athugasemdum á skrifstofu héraðsnefndar Austur-Húnavetninga. Þeir sem ekki gera athugasemdir fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir breytingunum.

Oddviti Svínavatnshrepps,
Jóhann Guðmundsson.

(2005113060)

Útgáfud.: 11. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Álfanes

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskiplagi miðsvæðis á Álfanesi. Tillaga að nýju deiliskipulagi nær til íbúðabygðar, atvinnustarfsemi og byggðar Eirar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins Álfaness, Bjarnastöðum, frá og með 11. nóvember 2005 til 9. desember 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. desember 2005.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu sveitarfélagsins, Bjarnastöðum, 225 Álfanesi. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Álfanesi, 9. nóvember 2005.

Guðmundur G. Gunnarsson bæjarstjóri.

(2005113063)

Útgáfud.: 14. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

Álfheimar 74.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Álfheima 74, Glæsibæ.

Tillagan gerir ráð fyrir m.a að bílageymsluhús verði stækkað, þó ekki út fyrir byggingarreit, stækkun fyrstu hæðar í nýbyggingu um u.þ.b. 490 m², stækkun neðri kjallara um u.þ.b. 950 m² og sett verði tæknirými undir neðri kjallara u.þ.b. 150 m².

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gufuneskirkjugarður.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufuneskirkjugarð.

Tillagan gerir ráð fyrir m.a að viðbót verði gerð við lóð Gufuneskirkjugarðs, byggingareitur verði endurskipulagður og felldur að fyrirhugaðri nýbyggingu og aðkomuvegur að þjónustubyggingu verði endurskilgreindur og mun hann liggja við útmörk lóðar að Hallsvegi. Bílastæðum er fjölgað úr 120 í 220 og á vestari hluta lóðar verði gert ráð fyrir gönguleið sem tengist stígakerfi Reykjavíkurborgar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögunar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 - 16.15, frá 14. nóvember til og með 26. desember 2005. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar. Ábendingum og athugasemdum við tillögunar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 26. desember 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 8. nóvember 2005.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2005113066)

Útgáfud.: 14. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - GarðabærEndurbirt vegna villu í fyrri auglýsingu:

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar eru eftirfarandi tillögur að breytingu á skipulagi auglýstar:

Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 í Iðnbúð og Smiðsbúð

Með vísan til 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015. Í tillögunni felst, að í Iðnbúð og Smiðsbúð breytist landnotkun úr iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði í athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði. Í deiliskipulagi verða sett skilyrði um athafnastarfsemi þar sem íbúðir eru í húsum. Svæðið afmarkast af Bæjarbraut, Karlabraut, Hnoðraholtbraut og baklóðamörkum við Gilsbúð. Breytingin er gerð í tengslum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi varðandi Iðnbúð og Smiðsbúð, þar sem íbúðir eru leyfðar á efri hæðum húsa.

Breyting á deiliskipulagi í Iðnbúð og Smiðsbúð

Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Iðnbúð og Smiðsbúð. Í tillögunni felst, að heimild til að leyfa nýjar íbúðir á jarðhæð eða 1. hæð fellur niður. Takmarkanir á heildarstærð íbúðaflatar falla niður. Íbúðir, sem þegar hafa verið samþykktar á jarðhæð eða 1. hæð, fá að vera áfram. Ekki verður heimilt að samþykkja nýjar íbúðir á jarðhæð eða 1. hæð.

Tillögunar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 14. nóvember til og með 5. desember 2005. Athugasemdum við tillögunar skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar fyrir 12. desember 2005 og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir, sem ekki gera athugasemdir við tillögunar innan tilskilins frests, teljast samþykkir þeim. Tillögunar verða jafnframt kynntar á heimasíðu Garðabæjar <http://www.gardabaer.is>.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ.

(2005113067)

Útgáfud.: 14. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Hraungerðishreppur*Deiliskipulag við Miðholt.*

Athugasemdafrestur við áður auglýsta deiliskipulagstillögu á landi við Miðholt í Halakotslandi er framlengdur til 9. desember nk.

Oddviti Hraungerðishrepps.

(2005113068)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Grindavík*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Svartsengis.*

Í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Svartsengis í Grindavíkurbæ. Breytingin nær til iðnaðarsvæðis og svæðis verslunar og þjónustu í Svartsengi og felst í nýrri afmörkun skipulagssvæðisins, samræmingu við núverandi ástand, skilgreiningu bygginga-, framkvæmda- og borsvæða, nýjum byggingarreitum og borholum vegna stækkunar orkuvers.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62, Grindavík, frá og með 15. nóvember 2005 til 13. desember 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 27. desember 2005.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62, Grindavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Grindavíkurbæ, 10. nóvember 2005.

Benedikt Ingi Sigurðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2005113089)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra*Nýtt og breytt deiliskipulag í Rangárþingi eystra.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsir sveitarstjórn Rangárþings eystra hér með tvær nýjar deiliskipulagstillögur og breytingu á tveimur eldri.

1. Deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli. Mörk deiliskipulagsins afmarkast af Hvolsvegi, Vallarbraut, Hlíðarvegi og vestan við Austurveg. Einnig eru inni á skipulaginu svokölluð veghlið inn á Hvolsvöll beggja vegna þ.e. norðvestan við Björkina og í rétt suður fyrir gamla vegagerðarhúsið. Markmið veghliða er að hægja á umferð gegnum Hvolsvöll, auk þess að greiða fyrir allri umferð gegnum miðbæinn. Þá er og einnig gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði þ.e. parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum upp á allt að 4 hæðir. Gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á jarðhæð en íbúðum þar fyrir ofan. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir stofnanir.

Deiliskipulagið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarnefndar 13. september sl. og staðfest á fundi sveitarstjórnar þann 13. október sl.

2. Lambalækur, breyting á eldra deiliskipulagi.

Um er að ræða stækkun svæðis um 9,7 ha og leyfi til að byggja á 3 nýjum lóðum.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti breytinguna 13. september sl. og var hún staðfest í sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. október sl.

Eldra gildandi deiliskipulag var staðfest í maí árið 2000.

3. Deiliskipulag frístundabyggðar í Langanesi, 3. áfangi.

Um er að ræða stækkun á núverandi svæði frístundabyggðar, þ.e. 12 nýjar lóðir, hver um sig tæpur 1,0 ha að stærð. Lóðirnar eru norðan við núverandi frístundabyggð og í boga með Eystri Rangá.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 13. september sl. og í sveitarstjórn 13. október.

4. Deiliskipulag fristunda- og ferðaðþjónustusvæðis að Hellishólum í Fljótshlíð.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar: gistiskálum fækkar en á móti er fjölgun á fristundalóðum. Nýr byggingarreitur fyrir nýja veitingaþjónustu á Lambhúshól og færslu á byggingarreit þjónustuhúss ferðamanna innan Lambhúslautar.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 1. nóvember sl. og í byggðarráði 3. nóvember sl.

Deiliskipulagsuppdráttir liggja frammi á skrifstofu Rangárþings eystra, Hlíðarvegi 16, Hvolsvelli, frá 16. nóvember til og með 14. desember nk.

Athugasemdafrestur er til kl. 16.00 föstudaginn 28. desember 2005. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Rangárþings eystra fyrir lok ofangreinds frests. Þeir sem gera ekki athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests teljast samþykkir henni.

Hvolsvelli, 11. nóvember 2005.

Rúnar Guðmundsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra.

(2005113090)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.152.3, Skuggahverfi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.3, Skuggahverfi, sem afmarkast af Skúlagötu, Frakkastíg, Lindargötu og Vatnsstíg.

Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að turnbygging á miðju skipulagssvæðinu og lágbyggingar norðan við turnbyggingar við Lindargötu séu felldar niður, jafnframt er lágbygging milli hábygginga við Lindargötu felld niður og vestari hábygging færð til austurs. Það byggingarmagn sem bundið var í ofangreindum lágbyggingum verður flutt yfir í hábyggingar við Skúlagötu og Lindargötu. Einnig verður felld niður tenging lágbyggingar við turn við Vatnsstíg og verður byggingin því stakstæð.

Byggingarmagn verður aukið um 1250 m², byggingarmagn bílgeymslu aukið um 4000 m² og aðkomu að bílgeymslum og akstursleiðum innan lóðar verður breytt.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 – 16.15, frá 16. nóvember til og með 28. desember 2005. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 28. desember 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 11. nóvember 2005.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2005113091)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Hvítársíðuhreppur**Deiliskipulag**

Samkvæmt ákvæðum 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi fyrir stækkun frístundabyggðar um 13 lóðir á svæði 5 að Bjarnastöðum, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. Stærð lóða verður frá 4000 m² til 8000 m².

Tillagan ásamt byggingar- og skipulagsskilmálum liggur frammi hjá oddvita að Samsstöðum frá 16. nóvember til 14. desember 2005 á venjulegum skrifstofutíma. Athugasemdum skal skila fyrir 28. desember 2005 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2005113093)

Útgáfud.: 16. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - uppsveitir Árnessýslu

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunnamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Samkvæmt 1. mgr 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Fell í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012.

Tillagan gerir ráð fyrir því að 26 ha lands í landi Fells sunnan Biskupstungnabrautar, breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi frístundalóða á umræddu svæði. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni.

2. Iða í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 á svæði innan þéttbýlisuppráttar Laugaráss.

Tillagan gerir ráð fyrir að 55 ha lands breytist úr svæði undir landbúnað í svæði undir frístundabyggð. Þau svæði eru vestan þjóðveggar en einnig á spildu sunnan núverandi frístundabyggðar. Einnig breytist lóðin númer 4 við Hamarsveg (Hálsakot) úr svæði undir frístundabyggð í svæði undir landbúnað. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni. Tillagan er auglýst samhliða tillögu á deiliskipulagi frístundalóða við Hamarsveg og Veiðiveg.

3. Iða II í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 á svæði utan þéttbýlisuppráttar Laugaráss.

Tillagan gerir ráð fyrir að 77 ha lands breytist úr svæði undir landbúnað í svæði undir frístundabyggð. Þau svæði eru vestan þjóðveggar að Hvítá og austan hans á móts við frístundabyggð í hlíðum Vörðufells. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni.

4. Kjaransstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012.

Tillagan gerir ráð fyrir því að 77 ha lands í nyrsta hluta jarðarinnar breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Athugasemdir Skipulagsstofnunar vegna tillögunnar verða kynntar með tillögunni. Tillagan er auglýst samhliða tillögu á deiliskipulagi frístundalóða á umræddu svæði.

5. Laugarás í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Biskupstungna 2000-2012 innan þéttbýlisuppráttar Laugaráss. Tillagan nær til austasta hluta byggðarinnar og gerir ráð fyrir því að athafnasvæði austan Laugarássbýlisins stækki um 0,7 ha til suðurs og að opið svæði til sérstakra nota milli Austurbyggðar og Lundarbrekku breytist í íbúðarsvæði. Tillagan er auglýst samhliða tillögu á endurskoðuðu deiliskipulagi á holtinu.

6. Ásgarður í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að 55 ha í nyrsta hluta jarðarinnar, frá núverandi frístundasvæði sunnan Kálfhólsgrils og Borgargils að háspennulínunum undir

Búrfelli og jarðarmörkum að Syðri-Brú er breytt úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

7. Borg í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að verslunar- og þjónustusvæði, 4.000 m² að stærð norðan við félagsheimilið Borg, breytist í opið svæði til sérstakra nota. Einnig breytist 4.000 m² svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði norðan við verslunina á Borg í íbúðarsvæði.

8. Efri-Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Breytingin felst í því að núverandi frístundasvæði austan Þingvallavegar stækkar um 8 ha til suðurs meðfram veginum.

9. Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að 20 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundabyggð. Landið er um 1 km sunnan bæjartorfunnar í mólendi við Stærribæjargil. Gert er ráð fyrir afleggjara frá Sólheimavegi.

10. Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014. Tillagan gerir ráð fyrir því að 2,2 ha landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundabyggð. Landið er austan Heiðarbrautar sem er norðan við Biskupstungnabraut.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

11. Fell í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Fells, sunnan Biskupstungnabrautar og norðan núverandi frístundabyggðar sem kallast Holtahverfi. Gert er ráð fyrir 35 frístundahúslóðum, 5.600 m² til 9.500 m² að stærð. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

12. Holtakot í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi lögbýlis. Gert er ráð fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhús, hesthús og geymslu á svokölluðu Kötluholti. Aðkoma verður frá Biskupstungnabraut.

13. Iða II í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Iða II á 11 ha svæði suðaustan þjóðveggar næst Hvítá. Gert er ráð fyrir 19 lóðum en þar af eru 9 byggðar. Lóð nr 4 við Hamarsveg (Hálsakot) verður landbúnaðarlóð. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

14. Kjaransstaðir í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillagan að deiliskipulagi frístundabyggðar á 77 ha svæði austast í landi Kjaransstaða (hluti 3). Gert er ráð fyrir 7 frístundahúslóðum, 9 til 10 ha að stærð, auk byggingarreits fyrir frístundahúsog útihús landeiganda. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

15. Laugarás í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi íbúðabyggðar austast í þéttbýlinu í Laugarási. Svæðið afmarkast af Hvítá í austri, núverandi byggð í suðri og austri (Árós, Brekkugerði, Lindarbrekku og Laugarási) og Ferjuvegi í norðri. Innan skipulagssvæðisins eru í gildi deiliskipulagsáætlanir frá 1997 við Bæjarholt og frá 1999 við Austurbyggð og fleiri götur. Skál hið nýja skipulag leysa hin eldri af hólmi. Skipulagssvæðið er 38 ha og þar verður blönduð starfsemi, 96 einbýlishúsalóðir og 10 parhúsaloðir þar af eru 6 lóðir þegar byggðar. Gert er ráð fyrir 6 athafnalóðum austan við Laugarásbýlið. Tillagan er auglýst samhliða tillögu á breytingu aðalskipulags á þessum stað.

16. Efstidalur í Laugardal, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi tveggja íbúðarhúsaloða í landi Efstadals II. Gert er ráð fyrir tveimur 5.000 m² íbúðarhúsaloðum neðan bæjarhúsa.

17. Laugardalshólar í Laugardal, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi þriggja frístundaloða við frístundabústaðinn Hellishól ofan þjóðvegur í landi Laugardalshóla. Aðkoma er frá núverandi tengingu við þjóðveg.

18. Leynir í Laugardal, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leynis. Svæðið er um 20 ha og liggur norðaustan Bðmóðsstaðavegar að landi Efstadals og að vegi að Bleikhóli. Gert er ráð fyrir 28 frístundahúsaloðum, 5.000 m² að 8.000 m² að stærð.

19. Vatnskot í Þingvallasveit, Þingvallahjóðgarði, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis í Vatnskoti. Gert er ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum sem koma í stað þess húss sem fyrir er. Gert er ráð fyrir 38 bílastæðum en aðkoma verður óbreytt frá því sem nú er.

20. Þingvellir í Þingvallasveit, Þingvallahjóðgarði, Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi við tjald- og þjónustumiðstöð á Leirum við gatnamót Þingvallavegar og Uxahryggjavegar. Gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit við núverandi þjónustumiðstöð, nýjum byggingarreit fyrir skemmu austan við starfsmannahús og nýjum byggingareit fyrir snyrtingar á tjaldstæðinu austan þjónustumiðstöðvar.

21. Minni-Bær í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Heiðarbraut í landi Minni-Bæjar. Tillagan gerir ráð fyrir 4 frístundaloðum austan og norðan Heiðarbrautar. Tillagan er auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

22. Brattholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brattholts. Tillagan gerir ráð fyrir því að mörk deiliskipulagssvæðis stækki til norðurs og lóð gistiheimilis stækki og verði 2,1 ha. Aðkoma breytist lítillega.

23. Ásgarður í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á nýsamþykktu deiliskipulagi

frístundabyggðarinnar Sogsbakka. Breytingin felst í að byggingarreitir á lóðum 11, 13, 19, 21, 27 og 29 verða 10 m frá lóðamörkum, þó ekki nær Soginu en 100 m.

24. Klausturhólar í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingum á skilmálum í deiliskipulagi frístundabyggðar við Seyðishóla. Í breytingunum felst að hámarksstærð bústaða verður 180 m² í stað 100 m² og að hámarksstærð aukahúss verður 25 m² í stað 10 m².

25. Klausturhólar í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Seyðishólum, breytingarnar felast í að stærð og lega leikvallar breytist. Ennfremur er gert ráð fyrir að lóð nr. 4cc verði nr. 2C og stækki úr 5.650 m² í 9.500 m².

26. Miðengi í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Farborgum. Breytingin felst í að lóðir nr. 4 (6.900 m²) og nr. 6 (6.900 m²) við Dvergahraun breytast í lóð nr. 4 (13.800 m²). Einnig breytast lóðir nr. 10 (9.800 m²) og nr. 12 (6.900 m²) við Dvergahraun í lóð nr. 10 (16.700 m²).

27. Syðri-Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við A- og B-götu í landi Syðri-Brúar. Breytingin felur í sér breytt lóðamörk mót vestri en við breytinguna minnka lóðirnar. Lóðirnar eru númer 1, 3, 5, 7 og 9 við A-götu (Lækjarbrekku) og lóð nr. 3 við B-götu (Björtubrekkur).

28. Vaðnes í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tillaga að breytingu skilmála deiliskipulags við Efri-Markabraut, Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness. Í breytingunum felst að hámarksstærð bústaða verður 120 m² í stað 80 m² og að heimilt verði að reisa aukahús, allt að 25 m² að stærð.

29. Flúðir í Hrunamannahreppi, miðsvæði.

Tillaga að breytingu deiliskipulags miðsvæðis á Flúðum sem samþykkt var árið 2002. Markmið breytingarinnar er að bæta aðgengi að garðyrkjubýlinu Brún sem er austan marka skipulagssvæðisins. Í breytingunni felst að vestan íþróttavallarins er lagður vegur sem liggur frá Langholtsvegi meðfram lóðamörkum að Brún og frá honum verður tenging að garðyrkjubýlinu. Íþróttavöllurinn færast austur sem veginum nemur.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 16. nóvember til 14. desember 2005. Athugasemdir við skipulagstillögurnar skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu í síðasta lagi 28. desember 2005 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykktur þeim.

Laugarvatni, 11. nóvember 2005.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu.

(2005113095)

Útgáfud.: 18. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Kópavogur*Skemmuvegur 4. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 4 við Skemmuveg. Í tillögunni felst heimild til að reisa einnar hæðar viðbyggingu við norðvestur enda núverandi byggingar samtals um 700 m² að grunnfleti. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 dags. í október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Frostapiing 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Frostapiing. Í tillögunni felst að lóðinni, sem er 3.500 m² er skipt upp í fjórar lóðir fyrir sérþýli.

Lóðin Frostapiing 2, sem nú þegar er byggð einbýlishúsi, fær nýja aðkomu og verður nr. 1 A við Dalapiing. Eins og í gildandi deiliskipulagi verður áfram möguleiki á að byggja hesthús á lóðinni. Þar norðan við verður til ný lóð fyrir tveggja hæða einbýlishús Dalapiing 1 B, um 1.300 m² að flatarmáli og einnig með möguleika á hesthúsi. Sunnan við núverandi hús (Frostapiing 2) er enn fremur gert ráð fyrir nýrri lóð, um 600 m² að flatarmáli, fyrir einnar hæðar einbýli með risi Engjapiing 2. Vestan hennar er síðan gert ráð fyrir parhúsaloð fyrir einnar hæðar parhús, Frostapiing 2 A og 2 B. Opið svæði sunnan Dalapiings 1 er felld út og gönguleiðir og reiðleiðir breytast. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 27. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Sæbólsbraut 40-42. Göngustígur. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 40 og 42 við Sæbólsbraut. Í tillögunni felst að gerður er nýr göngustígur á lóð Sæbólsbrautar 42 fast við lóðamörk Sæbólsbrautar 40. Stígurinn verður hlekkur í göngustígakerfi Sæbólshverfis og mun tengja núverandi byggð strandstíg þeim er liggur á norðanverðu Kársnesi. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 28. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 18. nóvember til 16. desember 2005. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 3. janúar 2006.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Kópavogi, 14. nóvember 2005.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogs.

(2005113143)

Útgáfud.: 21. nóvember 2005

Auglýsing um skipulag - Hraungerðishreppur*Deiliskipulag við Þingborg.*

Sveitarstjórn Hraungerðishrepps auglýsir hér með tillögu að

deiliskipulagi íbúðabyggðar við Þingborg í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997.

Tillagan gerir ráð fyrir 26 íbúðarhúsum. Afmörkun íbúðasvæðisins er í samræmi við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, sem hefur ekki verið staðfest.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Hraungerðishrepps til 19. desember nk. Athugasemdum skal skila þangað fyrir 2. janúar nk.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna telst henni samþykkur.

Þingborg, 15. nóvember 2005.

Oddviti Hraungerðishrepps.

(2005113167)

Útgáfud.: 21. nóvember 2005

Stefna - til ógildingar á fasteigngaveðbréfi**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Ragna Gestsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að hún þurfi f. h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á fasteignaveðbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi fasteignaveðbréf skiptanlegt fyrir húsbréf að upphaflegri fjárhæð kr. 4.400.000 gefið út af Eggerti Arngrími Arasyni, kt. 110266-4809, til Gunnars Magnússonar, kt. 130613-2929.

Fyrirsvar: Ragna Gestsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Fasteignaveðbréf það, sem krafist er ógildingar á, var upphaflega að fjárhæð kr. 4.400.000 gefið út hinn 18. september 1990 af Eggerti Arngrími Arasyni, kt. 110266-4809, til Gunnars Magnússonar, kt. 130613-2929.

Fasteignaveðbréfið er nr. 1196 og hvílir á 2. veðrétti fasteignarinnar Laugavegi 46, 0202, Reykjavík, fastanúmer 200-5104. Fasteignaveðbréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík hinn 28. september 1990 og innfært hinn 3. október 1990. Lán skv. fasteignaveðbréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 25 árum með 4 gjalddögum á ári, 15. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi afborgunar, vaxta og verðbóta var 15. desember 1990. Fyrsti vaxtadagur var 25. júlí 1990. Bréfið er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2905. Skuldin ber fasta vexti 5,75%.

Þann 3. október 1990 keypti húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins bréfið og var bréfið þá framselt henni.

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, en við það tók Íbúðalánasjóður við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 6. mgr. 52. gr. laganna, og er sjóðurinn af þeim sökum stefnandi í málinu. Stefnandi kveður hið umstefnda veðskuldabréf glatað og finnst það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar, skv. því.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af fasteignaveðbréfi því, sem stefnt er út af.
5. Veðbókavottorð (þinglýsingarvottorð).

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint fasteignaveðbréf undir höndum, og telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þriðjudaginn 10. janúar 2006, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er ákveðinn 1 mánuður.

Reykjavík, 9. nóvember 2005.

Helgi I. Jónsson.

(2005113163)

Útgáfud.: 21. nóvember 2005

Stefna - f. h. Íbúðalánasjóðs

**Íbúðalánasjóður,
kt. 661198-3629,
Borgartúni 21, Reykjavík**

gjörir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Karli James Gunnarssyni, kt. 070763-2309, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum.

Dómkröfur: Stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.123.042, ásamt dráttarvöxtum, skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 20. september 2005 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 20. september 2005 að telja.

Jafnframt er gerð krafa um málskostnað, að mati réttarins, og virðisaukaskatts af honum, úr hendi stefnda.

Fyrirsvor: Bragi Kristjánsson hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á fasteignaveðbréfi nr. 9677, að upphaflegri fjárhæð kr. 1.560.000, gefnu út í Vestmannaeyjum hinn 20. mars 1992 af stefnda, Karli James og Margréti Birnu Þórarinsdóttur, kt. 190471-3659, til Jóns Trausta Haraldssonar, kt. 160261-3079 og Valborgar Elínar Júlíusdóttur, kt. 071067-5649, tryggðu með 1. veðrétti í fasteigninni, Brekkugötu 1, rishæð, Vestmannaeyjum, fastanúmer: 218-2910. Bréfið var mótttekið til þinglýsingar hinn 25. mars 1992 hjá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum, skjal nr. 286/1992, og innfært hinn 10. apríl 1992. Lán, skv. fasteignaveðbréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 25 árum, með

fjórum gjalddögum á ári, á þriggja mánaða fresti, hinn 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember. Fyrsti gjalddagi afborgunar, vaxta og verðbóta var 15. september 1992. Vextir eru 6% fastir ársvextir, sem reiknuðust frá 15. maí 1992 og skuldin er bundin lánskjaravísitölu, með grunnvísitölu 3198 stig. Fasteignaveðbréfið var framselt húsbrefadeild Húsnaðisstofnunar ríkisins á útgáfudegi þess. Með gildistöku laga nr. 44/1998, hinn 1. janúar 1999, tók Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Húsnaðisstofnunar ríkisins, sbr. 6. mgr. 52. gr. laganna.

Í skiptayfirlýsingu, sem gefin var út hinn 16. ágúst 2002 af stefnda, Karli James og fyrrnefndri Margréti Birnu, er kveðið á um, að stefndi, Karl James, verði eigandi fasteignarinnar að Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, og að hann yfirtaki skuld við Íbúðalánasjóð, skv. fyrrnefndu fasteignaveðbréfi. Skiptayfirlýsing þessi var móttækin til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum hinn 20. september 2002, skjal nr. 884/2002, og innfærð hinn 10. október 2002.

Stefndi, Karl James, fór aldrei í greiðslumat, en það hefur ávallt verið ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að heimilað sé að yfirtaka skuld, skv. fasteignaveðbréfum, sbr. nú 16. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004. Skuld skv. fyrrnefndu fasteignaveðbréfi var því gjaldfelld hinn 20. september 2005, með heimild í framangreindu reglugerðarákvæði og 11. töluliði í bréfinu.

Gjaldfelld krafa sundurliðast þannig:

Gjaldfallnir gjalddagar 15. mars 2003 - 19. september 2005, samtals kr. 615.536.

Vextir 15. september 2005 - 19. september 2005 kr. 1.004.

Gjaldfelldar eftirstöðvar kr. 1.506.502.

Gjaldfelld krafa hinn 20. september 2005 kr. 2.123.042.

Skuld, skv. fyrrnefndu fasteignaveðbréfi lenti í vanskilum, frá og með gjalddaga 15. september 2002 og hefur einungis einu sinni verið greitt inn á skuldina síðan þá. Birting greiðsluáskorunar á hendur Karli James hefur ekki tekist, en hann á nú lögheimili í Bandaríkjunum, á óþekktum stað. Stefnanda er því ómögulegt að koma fram nauðungarsölu á hinni veðsettu eign, en birting greiðsluáskorunar er nauðsynlegur undanfari nauðungarsölubeiðni, skv. 9. gr. nauðungarsölulaga, nr. 90/1991.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur á hendur stefnda, Karli James og birting greiðsluáskorunar ekki tekist, þá er málsókn þessi óhjákvæmileg, þar sem Karl James er bæði annar skuldari hinnar mestfndu skuldar og þinglýstur eigandi þeirrar fasteignar, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, sem stendur að veði fyrir skuld, skv. fyrrnefndu fasteignaveðbréfi.

Með málsókn þessari er rutt úr vegi þeim hindrunum, sem verið hafa fyrir því, að nauðungarsala geti farið fram á hinni veðsettu fasteign. Samskuldara á hinu umstefnda fasteignaveðbréfi, Margréti Birnu Þórarinsdóttur, kt. 190471-3659, Digranesheiði 4, Kópavogi, er ekki stefnt í máli þessu.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu og ábyrgð skuldara á fjárskuldbindingum. Gjaldfelling skuldarinnar byggir á heimild í 16. gr. reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004, og heimild í 11. töluliði fasteignaveðbréfsins, sem mál þetta er sprottið af.

Kröfur um dráttarvexti byggja á reglum 3. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, með síðari breytingum, og kröfur um að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti styðjast við 12. gr. sömu laga.

Krafa um málskostnað byggir á 130. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög um þann skatt nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsynlegt, að fá álag dæmt úr hendi stefndu, sem nemur fjárhæð hans.

Varnarþing styðst við 3. mgr., 42. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 12. tölulið hins umstefnda fasteignaveðbréfs.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu þessarar.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Fasteignaveðbréf.
4. Kröfúlýsingu, miðaða við 19. september 2005, sem sýnir gjaldfellda stöðu.
5. Bréf utanríkisráðuneytisins, dags. 27. apríl 2004, ásamt gögnum, vegna árangurslausrar birtingar greiðsluáskorunar á Karl James í Bandaríkjunum.
6. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
7. Vottorð frá Hagstofu/þjóðskrá um lögheimili Karls James, dags. 31. október 2005.
8. Veðbandayfirlit FMR, dags. 25. október 2005.
9. Skiptayfirlýsing, dags. 16. ágúst 2002 (ljósrit á „faxi“).

Fyrirkall: Fyrir því stefnist Karli James Gunnarssyni, kt. 070763-2309, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þriðjudaginn 10. janúar 2006, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við, að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við stefnukröfur. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 31. október 2005.

Bragi Kristjánsson hdl.

(2005113164)

Útgáfud.: 21. nóvember 2005

Stefna - til ógildingar á fasteignaveðbréfi

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Helgi I. Jónsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Ragna Gestsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að hún þurfi f. h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á fasteignaveðbréfi.

Dómkröfur: Stefndandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi fasteignaveðbréf skiptanlegt fyrir húsbref að upphaflegri fjárhæð kr. 1.026.997 gefið út af Einari Páli Eggertssyni, kt. 070477-5569 og Margrėti Rún Héðinsdóttur, kt. 180281-4449, til Sigrúnar Lovísu Sigurðardóttur, kt. 290673-4299.

Fyrirsvor: Ragna Gestsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Fasteignaveðbréf það, sem krafist er ógildingar á, var upphaflega að fjárhæð kr. 1.026.997 gefið út hinn 29. júní 2000 af Einari Páli Eggertssyni, kt. 070477-5569 og Margrėti Rún Héðinsdóttur, kt. 180281-4449, til Sigrúnar Lovísu Sigurðardóttur, kt. 290673-4299.

